

10. nóvember 2020
Tilvísun 2010146

Alþingi
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda og lögum um nauðungarsölu (nauðungarsala og eftirstöðvar), 150. löggjafarþing, 34. mál

Með tölvupósti dags. 26. október 2020 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 39. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 þannig að ákvæðið orðist með eftirfarandi hætti:

Glati samningur um fasteignalán veðtryggingu í fasteign í kjölfar nauðungarsölu eða í tengslum við önnur atvik eða úrræði skv. 38. gr. sem leiðir til yfirtöku á veði getur lánveitandi ekki krafð neytanda um frekari greiðslu eftirstöðva lánsins.

Lánveitandi skal veita neytanda, á pappír eða öðrum varanlegum miðli, fullnaðarkvittun fyrir uppgreiðslu láns með yfirtöku á veði skv. 1. mgr.

Frumvörp sem hafa stefnt að sama markmiði hafa verið lögð fram nokkrum sinnum áður.

Bent er á að Seðlabanki Íslands sendi umsagnir um sams konar frumvörp þann 10. desember 2009, 4. apríl 2014 og 5. febrúar 2020, þar sem m.a. var bent á þau efnahagslegu áhrif sem slík lagasetning gæti haft. Í umsögninni frá 2009 sagði m.a.: „Það kann að vera réttmætt að setja lög með það að markmiði að takmarka hversu langt lánastofnanir geta gengið í því efni að ganga að ævitekjum skuldara sem þeir hafa lánað óvarlega til. Seðlabankinn telur hins vegar að fyrirliggjandi frumvarp geti haft umtalsverð skaðleg efnahagsleg áhrif og feli því ekki í sér heppilega lausn á ofangreindu vandamáli.“

Þá sendi Fjármálaeftirlitið (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands) umsagnir við sambærileg frumvörp þann 9. júlí 2009, 7. desember 2009 og 20. apríl 2012 þar sem bent var á að „yrði frumvarpið að lögum gæti það haft veruleg áhrif á endurheimtur lána hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum, og þar með veruleg áhrif á afkomu einstakra aðila“.

Loks er bent á að Seðlabankinn skilaði umsögn þann 21. júní 2013 um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi en í þeirri umsögn vísaði Seðlabankinn til umsagnar sinnar frá 10. desember 2009.

Seðlabankinn telur margt af því sem fram kemur í framangreindum umsögnum enn eiga við og áréttar því þau sjónarmið sem þar voru reifuð.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofu bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofu bankastjóra

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Rannveig Júníusdóttir

Kennitala: 0707814339

Tími: 10.11.2020 11:58

Samþykkt

Undirritað með  OneSign


* Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Finnborg Þórðardóttir

Kennitala: 1509784249

Tími: 10.11.2020 12:49

Samþykkt

Undirritað með  OneSign